

### 3. fundur samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Haldinn þann 11. janúar kl. 15:00 í gegnum fjárfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Guðlaug Sigurðardóttir, Helgafellssveit
- Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit
- Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbæ
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ
- Karín Rut Bæringsdóttir, Helgafellssveit
- Lárus Ástmar Hannesson, Stykkishólmsbæ
- Sif Matthíasdóttir, Helgafellssveit
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, Stykkishólmsbæ

Róbert Ragnarsson, Gunnar Úlfarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

#### 1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og staðfest.

#### 2. Vefsíðan

RR fór yfir stöðuna á vefsíðu verkefnisins sem hefur lénið [www.helgafellssveit.is](http://www.helgafellssveit.is) og er að mestu leyti tilbúin til birtingar. Minnisblöð, fundargerðir og ýmis konar kynningarefni verður hlaðið upp á vefsíðuna eftir því sem verkefninu vindur fram. Nefndin valdi vinnuheimið „Breiðfirðingar“ fyrir verkefnið.

#### 3. Stjórnsýsla

RR fór yfir drög að minnisblaði um stjórnsýslu. Fjallað var um núverandi stöðu beggja sveitarfélaga og hver framtíðarsýn stjórnsýslu gæti orðið í mögulega sameinuðu sveitarfélagi. Lagt er til að Samþykkt um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar verði lögð til grundvallar við mótun nýs stjórnskipulags.

Til að gæta hagsmuna dreifbýlisins í mögulega sameinuðu sveitarfélagi leggur nefndin til að starfrækt verði sérstakt sveitaráð sem fer með sérverkefni dreifbýlisins, veitir umsagnir og verður málsvari dreifbýlis gagnvart sveitarstjórn. Umræðu um verkefni mögulegs sveitaráðs er frestað.

#### 4. Fjármál

RR fór yfir drög að minnisblaði um fjármál. Fjallað var um núverandi fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna beggja og hvaða vísbendingar eru um fjárhag og mögulegar fjárfestingar mögulega sameinaðs sveitarfélags til framtíðar. Umræðu er frestað.

#### 5. Álit nefndarinnar

RR fór yfir drög að álitni samstarfsnefndarinnar og helstu forsendur hennar og kallaði eftir ábendingum og athugasemdum frá nefndinni. Álitnið verður lagt fyrir sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga þar sem það verður tekið til tveggja umræðna, án atkvæðagreiðslu, í samræmi við sveitarstjórnarlög. Umræðu frestað til næsta fundar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 16:50.